

Starf flugklasans Air 66N september – 20. nóv. 2016

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi flugklasans Air66N undanfarna mánuði.

Markaðsmál

Markaðssetning áfangastaðarins heldur áfram af fullum krafti. Í október tók flugklasinn þátt í Vest Norden ferðasýningunni sem haldin var í Reykjavík. Þar átti fulltrúi klasans marga góða fundi. Það koma fram á fundunum að sífellt fleiri aðilar finna fyrir metnun á SV horni landsins og ferðaskrifstofur eru í síauknum mæli að horfa til þess að senda fólk lengra frá höfuðborginni. Beint flug til Akureyrar er því alltaf að verða fýsilegri kostur.



Flugklasinn ásamt MN gaf út í haust nýjan ímyndarbækling fyrir Norðurland, þar sem helstu sérkenni svæðisins eru kynnt og dregin fram sú fjölbreytta flóra afþreyingar sem hér er að finna. Þessi bæklingur er mikilvægt gagn í öllu kynningarstarfi klasans á áfangastaðnum Norðurlandi.

Flugklasinn kom einn að gerð einblöðungs til að kynna Flugþróunarsjóðinn. Einblöðungurinn er fyrst og fremst ætlaður til dreifingar meðal ferðaskrifstofa og ferðaheildsala til þess að kynna þeim fyrir möguleikanum á að fljúga beint til Norðurlands. Vonir standa til að áhugi þessara aðila skapi þrýsting á flugfélög til að skoða þennan valkost af alvöru. Einblöðungurinn var gefinn út í byrjun október og var notaður á Vest Norden. Áform eru um að Íslandsstofa noti þennan einblöðung á öllum ferðasýningum og vinnustofum sem hún sækir á komandi misserum.

Flugklasinn tók á móti 4 blaðamönnum eða influencerum eins og þeir eru oft kallaðir. Þeir vinna mest á samfélagsmiðlum eins og facebook og instagram, þar sem þeir ferðast og segja sögur í máli og myndum um það sem fyrir augu ber. Þetta var 4 daga ferð vítt og breitt um Norðurland sem við unnum í samstarfi við Íslandsstofu.

Flugfélög

Ekki hafa verið mikil samskipti beint við flugfélög síðan í september. Ákveðið var að fá erlenda ráðgjafa til liðs við flugklasann sem munu gera greiningu á áfangastaðnum okkar, koma með tillögur að því hvaða markaði væri auðveldast að sækja á og við hvaða flugfélög við ættum helst að reyna að tala við. Einnig að setja upp n.k. businss case til að leggja fyrir flugfélög. Þann 22. nóv. verða ráðgjafarnir hér með fund fyrir aðila flugklasans og til að vinna með fulltrúum klasans að fyrrgreindum verkefnum.

Vonir standa til að þessi vinna geri flugklasann kleift að vinna að varanlegu flugi með markvissari hætti en áður. Möguleiki er á áframhaldandi samstarfi við þessa ráðgjafa, t.d. að fá þá með flugklasannum á



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Routes Europe og/eða til að heimsækja ákveðin flugfélög og koma af stað viðræðum. Það ræðst af því hvernig vinnunni mun miða á næstu vikum og mánuðum.

Rétt er að geta þess líka að flugklasinn mun fara sem sjálfstæður aðili (Tourism authority) á Routes Europe á næsta ári, en ekki viðhengi Isavia eins og hingað til. Ástæðan er fyrst og fremst sú að Isavia er að kynna Regional Airports, sem þýðir bæði Akureyri og Egilsstaði. Það var fyrst reynt í fyrra, en okkar reynsla af því var ekki góð. Nauðsynlegt er að kynna bara einn áfangastað í einu – bæði er tíminn stuttur og svo er mjög ómarkvisst að vera að blanda saman tveimur áfangastöðum. Við leituðum álits nokkurra mismunandi aðila sem hafa reynslu af þátttöku á svona sýningum og svar þeirra var einróma að kynna einn áfangastað í einu. Þannig að North Iceland verður kynnt sérstaklega, en Isavia mun verða þarna líka með Regional Airports og höfum við stuðning frá þeim og öfugt.

Flugfélag Íslands hefur tilkynnt að félagið muni hefja flug milli Keflavíkur og Akureyrar 24. febrúar n.k. Um er að ræða tengingu við millalandaflug í Keflavík og er fyrirhugað allt árið um kring, 6 flug á viku yfir vetrartímamenn en dettur niður í 3 flug á viku yfir hásumarið. Þetta er mikið fagnaðarefni og mun án efa styðja starf flugklasans í því að fá hingað beint millilandaflug. Því þetta flug skapar umferð um Akureyrarflugvöll en það eru einmitt slíkar tölur sem okkur vantar í viðræðum við flugfélög. Flugklasinn mun því vinna ötullega að því að kynna þetta flug, þannig að það verði vel nýtt og búa því þannig grundvöll til framtíðar.

Innra starf

3 umsóknir bárust í ágúst í Flugþróunarsjóðinn. Ein hlaut stuðning (flug Discover The World til Egilsstaða í sumar) en hinar tvær sem voru fyrir flug til Akureyrar voru ekki fullnægjandi og því ekki hægt að taka afstöðu til þeirra. Búið er að auglýsa aftur eftir umsóknum og er næsti umsóknarfrestur 31. desember 2016.

Flugklasinn hefur haldið áfram að beita sér fyrir að jafna eldsneytisverð á flugvélaeldsneyti, eins og lýst var í síðustu skýrslu, en það er um 75% hærra á Akureyri en í Keflavík. Flugklasinn sendi inn tillögu þessa efnis til Byggðastofnunar vegna vinnu við nýja Byggðaáætlun 2017-2023. Einnig hefur þetta verið rætt við fulltrúa í innanríkisráðuneytinu sem og fjármálaráðherra. Málinu verður áfram fylgt eftir.

Samstarf flugklasans við Austurbrú og flugklasann þar hefur aukist og nýlega áttum við fund með Austurbrú um þessi mál. Þar var ákveðið að standa þétt saman að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir svæðin gagnvart stjórnvöldum, Isavia og Íslandsstofu. Jafnframt var ákveðið að áfram myndi hvor flugklasi kynna og markaðssetja sitt svæði eins og verið hefur.

Hvað er framundan?

Flugklasinn mun taka móti hópi blaðamanna frá Bretlandi í lok nóvember, sem eru að koma hingað í tilefni af því að Norwegian flugfélagið er að hefja flug milli London og Keflavíkur. Megnið af ferð þessara blaðamenn verður um Norðurland, sem er mjög sterkt fyrir okkur til að koma okkar áfangastað betur á framfæri. Í janúar mun flugklasinn sækja ferðasýningarnar Mannamót, sem haldin er af Markaðsstofum landshlutanna, og Mid Atlantic sem haldin er af Icelandair. Í febrúar er svo fyrirhuguð FAM ferð fyrir fulltrúa ferðaskrifstofa, svipuð ferð og sú sem við fórum í september s.l. Í febrúar er ætlunin að leggja áherslu á vetrarafþreyinguna á Norðurlandi og verður ferðast aðallega um Eyjafjörð og Mývatnssveit að þessu sinni. Flugklasinn mun svo fara á Routes Europe í apríl eins og áður sagði.

Framundan er einnig vinnan með erlendu ráðgjöfunum sem áður var lýst (áfangastaðagreining og að búa til business case til að sækja beint á flugfélög). Þessi vinna mun verða bakbein í starfi klasans næstu vikur og mánuði. Í kjölfarið munum við reyna að sækja flugfélög með auknum þunga, vonandi með betra veganesti en nokkru sinni fyrr.

Einnig mun fulltrúi klasans taka þátt í vinnu nefndar sem er að endurskoða fyrirkomulag á rekstri flugvallanna á Íslandi. Sú nefnd er skipuð fulltrúa innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Isavia og á að koma með tillögur að bættu skipulagi þessara mála.



Akureyri, 21. nóv. 2016

Hjalti Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Air 66N